

Kirkjuþing 2021-2022

Umsögn um 5. mál þingsins. **Tillögu til þingsályktunar um æskulýðsmál.**

Sóknarnefnd Árbæjarkirkju hefur efasemdir um hvort þær breytingar sem tillagan hefur að geyma nýtist æskulýðsstarfi Árbæjarkirkju og þá helst vegna þess að æskulýðsstarf okkar er mjög öflugt og hefur verið þannig í áraraðir. Æskulýðsstarf Árbæjarkirkju er líklega eitt það öflugasta sem þekktist innan Þjóðkirkjunnar og ætla má að hluti af nýju fyrirkomulagi gæti haft neikvæð áhrif á okkar góða starf. Ekkert samtal hefur átt sér stað innan sókna um svona stóra ákvörðun/tillögu sem er miður að okkar mati.

Árbæjarkirkja er með starfsmann sem sinnir æskulýðsmálum og hefur sinnt því sérstaklega vel um árabíl. Við höfum innan okkar raða fjölmörg börn og ungmenni sem taka virkan þátt í okkar æskulýðsstarfi. Að jafnaði mæta um fjörutíu ungmenni í saKúl og TTT í hverri viku. Við teljum nauðsynlegt að grasrótin sé virk og eigi auðvelt með að hafa áhrif á starfið innan okkar kirkju. Grunnstoðir og sjálfstæði kirkjunnar eru í sóknum landsins, þannig viljum við hafa það áfram.

Sóknarnefnd Árbæjarkirkju vill sjálf taka ábyrgð á sínu æskulýðsstarfi og æskulýðsstarfsfólki. Sjáum ekki hagræðingu í því að okkar starfsmaður sé undir svæðisstjóra kirkjunnar heldur má velta fyrir sér hvort ekki sé verið að íþyngja boðleiðir og öðru sem viðkemur æskulýðsstarfi okkar. Með því að færa starf æskulýðsmála frá kirkjum og á biskupsstofu verða boðleiðir langt frá sóknum.

Sóknarnefnd Árbæjarkirkju skilur vel að tillagan geti aðstoðað fjölda prófastsdæma við að efla sitt æskulýðsstarf og því ber að taka fagnandi enda nauðsyn að æskulýðsstarf Þjóðkirkjunnar eflist. Engu að síður þá höfum við áhyggjur af því að nýtt fyrirkomulag geti haft neikvæð áhrif á þær kirkjur sem hafa nú þegar öflugt æskulýðsstarf.

Að því sögðu leggjum við til að það verði valkvætt hvort sóknirnar nýti starfsmenn sína í æskulýðsmál sóknarinnar eða hvort sóknin samþykki að miðlægur svæðisstjóri ráði inn verkefnastjóra eins og tillagan er. Þannig hafi sóknirnar val hversu mikinn þátt þær taki í þessu nýja fyrirkomulagi.

F.h sóknarnefndar Árbæjarkirkju  
Konráð Gylfason